



Friðland í Flatey

Stjórnunar- og verndaráætlun 2017-2026

Drög til kynningar maí 2017



UMHVERFISSTOFNUN



Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2017-2021	2
1. INNGANGUR.....	4
1.1. Leiðarljós og markmið	4
1.2. Eignarhald og umsjón.....	5
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	5
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	5
2. LÝSING Á SVÆÐINU	7
2.1. Mörk svæðisins	7
2.1.1. Tengsl við grannsvæði	7
2.2. Náttúruminjar.....	7
2.2.1. Dýralíf	7
2.2.2. Gróður	7
2.3. Menningarminjar.....	8
2.4. Landnotkun	8
2.4.1. Ferðaþjónusta og útivist.....	8
2.5. Innviðir og aðgengi	8
2.5.1. Landvarsla.....	8
2.5.2. Gönguleiðir og aðgengi	8
2.5.3. Skilti	8
2.6. Fræðsla og kynning	9
2.7. Mönnuð og ómönnuð loftför	9
2.8. Rannsóknir og vöktun.....	9
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	10
3.1. Náttúruminjar.....	10
3.1.1. Dýralíf	10
3.1.2. Gróður	10
3.1.3. Jarðminjar og landslag.....	10
3.2. Menningarminjar.....	10
3.3. Landnotkun	11
3.3.1. Búfjárbætur og nytjar.....	11
3.3.2. Ferðaþjónusta og útivist.....	11
3.3.3. Kvikmyndataka og ljósmyndun.....	11
3.4. Innviðir og aðgengi	11
3.4.1. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum	12
3.4.2. Göngustígar og aðgengi.....	12
3.4.3. Skilti	12
3.5. Öryggismál	12
3.6. Fræðsla og kynning	13
3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför	13
3.8. Rannsóknir og vöktun.....	13
HEIMILDIR OG ÍTAREFNI.....	15
VIÐAUKI I.....	16
VIÐAUKI II	17



Aðgerðaáætlun 2017-2021

Kafli þessi er forgangsöröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu fimm árum innan friðlandsins. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fái stöðu hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Komið verði í veg fyrir truflun á fuglalífi af völdum ágangs manna með því að setja upp skilti sem takmarkar aðgengi að friðlandinu á varptíma fugla að jafnaði frá 15. maí – 15. júlí.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við fuglafræðing og ábúendur í Flatey, meti árlega hvort lengja þurfi lokunartíma friðlands vegna breytinga á varptíma þórshana og/eða æðarfugls.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að upplýsinga- og fræðsluskiltum við friðlandsmörkin verði viðhaldið.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess árlega að girðingum til stýringar umferðar ferðamanna og merkingum við göngustíga verði viðhaldið og bætt við eftir þörfum.
- ✓ Umhverfisstofnun meti árlega árangur stýringar á umhverfi friðlandsins og skal matið vera í höndum sérfræðings svæðisins og/eða landvarða.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- ✓ Landverðir/sérfræðingur kanni árlega ástand gróðurs og hugi að endurbótum á innviðum sé þess þörf til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir.
- ✓ Landvörður fari í eftirlitsferð a.m.k. tvisvar á ári á tímabilinu maí – september.
- ✓ Sérfræðingur svæðisins skrifi eftirlitsskýrslu árlega í lok sumars.
- ✓ Landvörður fylgist með fuglalífi og skrái tegundir og fjölda þeirra hverju sinni í dagbók landvarða.
- ✓ Landvörður fylgist með álagi á svæðinu af völdum ferðamanna árlega, ljósmyndi göngustíga og gróður umhverfis þá og skrái niðurstöður í dagbók landvarða.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. Öryggismála og skrái í dagbók landvarða.
- ✓ Umhverfisstofnun óski árlega eftir gögnum frá ferðaþjónustuaðilum um fjölda ferðamanna sem heimsóttu Flatey.

2017

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir gögnum frá aðilum sem stundað hafa rannsóknir í friðlandinu undanfarin ár og að framvegis verði rannsóknaskýrslum er varða friðlandið skilað inn til stofnunarinnar.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við fuglafræðinga um framsetningu fræðsluefnis um fuglalíf í friðlandinu.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við hagsmunaaðila í Flatey um samræmingu á skiltum í Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitarfélag, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar um uppsetningu upplýsingaskiltis við hafnarsvæðið í Flatey. Á



UMHVERFISSTOFNUN

skiltinu skulu meðal annars koma fram upplýsingar um; þjónustu í Flatey, gönguleiðir, athyglisverða staði og umgengisreglur.

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitarfélag, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar um gerð upplýsinga- og fræðsluefnis á skilti í Flatey sem sett verða upp árið 2018.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp tvö ný aðkomuskilti við friðlandsmörkin að vestan- og austanverðu með upplýsingum um lokunartíma friðlandsins.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp veggspjöld með upplýsingum um lokunartíma og umgengisreglur í friðlandinu í upplýsingamiðstöðinni Stykkishólmi, í ferjunni Baldri og í miðasölu Sæferða í Stykkishólmi og á Brjánslæk.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða* stofnunarinnar fyrir friðlandið í Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun ljúki við gerð heildstæðrar stefnu um framkvæmdir innan svæðisins.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp upplýsinga- og fræðsluskilti um náttúru og lífríki friðlandsins við friðlandsmörkin að austan- og vestanverðu.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Reykhólahrepp, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar um uppsetningu aðstöðu til fuglaskoðunar í Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélag og ábúendur í Flatey um hreinsun standlengjunnar innan friðlandsins.
- ✓ Umhverfisstofnun skipuleggi og framkvæmi hreinsun á strandlengjunni innan friðlandsins.

2021

- ✓ Umhverfisstofnun boði fulltrúa Reykhólahrepps, ábúenda og Framfarafélags Flateyjar á fund með það að markmiði að meta árangur aðgerðaráætlunar 2017 – 2021 og að gerð verði aðgerðaráætlun 2022 – 2026.



1. Inngangur

Friðlandið í Flatey nær yfir austur hluta eyjarinnar ásamt eyjum og hólum sunnan við Flatey. Í sundunum á milli eyjanna eru miklar leirur með fjölbreyttum sjávarlífverum. Náttúrufegurð svæðisins er mjög mikil og þar er að finna afar fjölskrúðugt fuglalíf. Gróðurfar einkennist af gras- og mólendi.

Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í Flatey er að leggja fram stefnu um verndun þess og hvernig viðhalda skuli verndargildi svæðisins í sátt við ábúendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Markmiðið er einnig að stuðla að því að afnot gesta, ábúenda og ferðaþjónustuaðila af svæðinu séu með sjálfbærni að leiðarljósi. Sérstaða friðlandsins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

Nánari lýsingu og fróðleik um friðlandið í Flatey er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is>.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins í Flatey hófst í ágúst 2015. Áætlunin var unnin af samstarfshópi um friðlandið og starfsfólki Umhverfisstofnunar og er sett í samræmi við lög um náttúruvernd nr. 60/2013. Samstarfshópin skipuðu:

- ✓ Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun
- ✓ Svanhildur Jónsdóttir, ábúandi í Flatey
- ✓ Hafsteinn Guðmundsson, ábúandi í Flatey
- ✓ Áslaug B. Guttormsdóttir, Reykhólahreppi
- ✓ Kristín Ingimarsdóttir, Framfarafélagi Flateyjar

Auk þess voru aðilar sem tilgreindir voru á samráðsáætlun upplýstir um upphaf vinnunar. Drög að stjórnunar- og verndaráætluninni voru auglýst í almennu kynningarferli í apríl og maí 2017 sem samráðsaðilar voru upplýstir sérstaklega um. Sérstakt samráð var haft við Náttúrufræðistofnun Íslands á undirbúningstíma.

1.1. Leiðarljós og markmið

Hér eru sett fram leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunarinnar. Leiðarljósín eru framtíðarsýn og lýsa grundvallarsjónarmiðum sem sett eru fram í áætluninni um hvernig eigi að viðhalda og auka verndargildi friðlandsins. Nánari stefnumörkun, þ.e. markmið og leiðir að markmiðum, byggir á leiðarljósunum og eru sett fram í hverjum málaflokki. Leiðarljósín eru:

- ✓ Að verndargildi svæðisins viðhaldist.
- ✓ Að ástand innviða og viðhald göngustíga og skilta á svæðinu verði til fyrirmyndar.
- ✓ Að stuðla að því að ferðaþjónusta á svæðinu verði rekin með sjálfbærni að leiðarljósi.
- ✓ Að stuðla að aukinni fræðslu um náttúru og lífríki svæðisins og tilgangi friðlýsingar, til að auka skilning almennings á mikilvægi náttúruverndar.
- ✓ Að gott samstarf og virkt samráð verði milli Umhverfisstofnunar, ábúenda í Flatey, sveitarfélags, félagasamtaka í Flatey, Breiðafjarðarnefndar og ferðamálayfirvalda um uppbyggingu, verndun og viðhald í friðlandinu og nágrenni þess.
- ✓ Að sátt ríki um málefni friðlandsins, verndun þess og nýtingu.



1.2. Eignarhald og umsjón

Friðlandið í Flatey er í eigu ríkisins. Umhverfisstofnun annast umsjón og rekstur svæðisins skv. friðlýsingu og lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Umhverfisstofnun er heimilt að fela öðrum umsjón með friðlandinu og skal þá gerður sérstakur samningur um umsjón og rekstur. Stjórnunar- og verndaráætlun þarf að liggja fyrir áður en gerður er samningur um umsjón svæðisins.

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hefur umsjón með friðlandinu og framkvæmd stjórnunar- og verndaráætlunar í samstarfi við Reykhólahrepp, ábúendur og Framfarafélag Flateyjar.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Austurhluti Flateyjar í Breiðafirði ásamt nálægum eyjum var friðlýstur sem friðland árið 1975 samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 47/1971. Friðlýsingin var endurskoðuð samhliða gerð stjórnunar- og verndaráætlunar árið 2017. Auglýsingu um friðlýsingu svæðisins má sjá í viðauka I. Þar eru reglur skilgreindar sem gilda um svæðið.

Friðlandið í Flatey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem er friðlýst með lögum nr. 54/1995.

Friðlýstar fornminjar eru í friðlandinu en um þær gilda lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Eftirfarandi alþjóðasamþykktir sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest ber að hafa að leiðarljósi við verndun friðlandsins í Flatey: samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971), samning um verndun villtra plantna og dýra og lífssvæða í Evrópu (Bern 1979) og samning um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992).

Skipulagsáætlanir

Í Reykhólahreppi er í gildi aðalskipulag frá 2006 sem gildir til 2018. Tekið er tillit til friðlýsingar friðlandsins í Flatey í skipulaginu og er svæðið skilgreint þar sem náttúruverndarsvæði.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Í Flatey hefur um langt skeið verið náið samspil manns og náttúru þar sem nýting náttúruauðlinda hefur farið fram með sjálfbærni að leiðarljósi. Verndargildi friðlandsins felst fyrst og fremst í því að svæðið er búsvæði og varpsvæði mikilvægra fuglastofna á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða, þ.m.t. sjaldgæfra varpfugla á Íslandi og fugla sem eru á valista Alþjóða Náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Svæðið hefur hátt vísinda- og náttúruverndargildi.

Í friðlandinu er einstaklega fjölbreytt fuglalíf og þar er varpsvæði þórshana sem er sjaldgæfur fugl á landsvísu og er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í hættu. Einnig verpa þar ábyrgðartegundir Íslendinga s.s. kría og lundi. Þá er mikið æðarvarp innan marka friðlandsins. Á svæðinu eru miklar leirur með fjölbreyttu lífríki sem eru mikilvægar til fæðuöflunar fyrir margar tegundir fugla. Vísindalegt gildi svæðisins er mjög hátt og er fuglalíf vaktað og rannsakað þar reglulega. Friðlandið hefur talsvert hagrænt gildi, bæði fyrir íbúa eyjarinnar sem hafa beinar tekjur af svæðinu vegna hlunnindanyttja og einnig margra í nærsamfélaginu og aðra sem hafa óbeinar tekjur af svæðinu í tengslum við ferðaþjónustu.

Samkvæmt aðferðarfræði IUCN (Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna) um flokkun friðlýstra svæða, þá flokkast friðlandið í Flatey í flokk IV, vistgerðir og búsvæði. Í þessum flokki eru svæði sem hafa það



UMHVERFISSTOFNUN

að meginmarkmiði að vernda sérstakar tegundir eða búsvæði og miðast stjórnun svæðisins við þá forgangs röðun. Það sem gerir verndarflokk IV frábrugðinn öðrum verndarflokkum er að sérstök áhersla er lögð á verndun eða endurheimt ákveðinna tegunda dýra eða jurta sem eru mikilvægar á svæðis-, lands- eða heimsvísu, ásamt staðar- og fartegunda og/eða búsvæða. Hafa þarf í huga að svæði í þessum verndarflokki innihalda oft sundurskipt vistkerfi. Þessi svæði viðhalda sér ekki endilega sjálf og þurfa þá reglulegt og virkt inngrip með stýringu til að tryggja lífheldni ákveðinna búsvæða og/eða til að mæta kröfum ákveðinna tegunda.

DRÖG

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Friðlandið í Flatey er 140,6 h að flatarmáli. Mörk svæðisins má sjá á korti í viðauka II.

2.1.1. Tengsl við grannsvæði

Friðlandið í Flatey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar. Breiðarfjörður allur, og þar með talin Flatey, hefur mikið verndargildi í heild sinni vegna fjölbreyttra búsvæða og er svæðið mjög mikilvæg fyrir fugla- og dýralíf. Verndarsvæðið er á lista BirdLife International sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

2.2. Náttúruminjar

Flatey í Breiðafirði er um 2 km að lengd og 400 m þar sem hún er breiðust. Eyjan er flatlend eins og nafnið gefur til kynna og er Lundaberg hæsti hluti hennar, um 16 m yfir sjávarmáli. Flatey myndaðist í eldgosi fyrir um 11-12 milljónum ára og henni tilheyra um 40 eyjar og hólmar.

2.2.1. Dýralíf

Fjölbreytt fuglalíf er í Flatey. Fuglavarp er mun þéttara í Flatey en víðast hvar annars staðar á Íslandi. Það stafar af þeirri gnægð fæðu sem fyrirfinnst í nánasta umhverfi Flateyjar en Breiðarfjörðurinn er fæðukista fugla vegna samspils landslags, mikilla sjávarfalla og frjósemi sjávar og er Flatey staðsett í miðjum Breiðafirðinum. Önnur ástæða fyrir þéttleika fuglavarps í Flatey er að afræningjar eru þar fáir. Til að mynda eru engir minkar, refir eða kettir í Flatey eða nærliggjandi eyjum. Fjöldi fuglategunda hafa sést innan friðlandsins í Flatey og þó nokkrar nýta friðlandið sem búsvæði, varpsvæði eða til fæðuöflunar. Í Flatey verpir um þriðjungur tegunda varpfugla á Íslandi eða um 25 tegundir allra jafna, þó að tegundafjöldinn geti verið breytilegur. Algengustu varpfuglarnir eru kría, toppskarfur, æðarfugl og teista en í Flatey er stærsta teistuarvarp á landinu. Meðal annarra tegunda sem fyrirfinnst í friðlandinu má nefna sjófugla á borð við ritu, fýl, skarf og máva og fugla sem sækja fæðu sína í fjörur og leirur, t.d. tjald, sendling, lóupræl, sandlóu og tildru. Meðal tegunda á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem verpa í Flatey er þórshani. Þórshana eru sjaldgæf tegund á landsvísu og hefur fækkað umtalsvert á undanförunum árum og ekki mörg varpsvæði þekkt á landinu. Verndun varpsvæða þórshana í friðlandinu er því mjög mikilvæg. Kría og lundi, sem flokkast sem ábyrgðategundir Íslendinga, verpa einnig innan friðlandsins. Í sundunum á milli eyja, hólma og skerja eru miklar leirur með fjölbreyttum sjávarlífverum og eru þær mikilvægar fæðustöðvar farfugla vor og haust, til að mynda rauðbrystings. Hann er á valista IUCN yfir fugla í yfirvofandi hættu og er ein af ábyrgðartegundum Íslendinga.

2.2.2. Gróður

Flatey er á heildina litið nánast alveg gróin. Gróðurfar í friðlandinu einkennist af túnum, grasmóum, gulstararmýrum og sjóflæðagróðri. Í Flatey hafa verið skráðar 118 tegundir háplantna og þar finnst marhálmur sem er sjaldgæfur á landsvísu. Tún innan friðlandsins eru nytjuð af ábúendum.



2.3. Menningarminjar

Búseta í Flatey á sér langa sögu, allt aftur til landnáms, og mikill fjöldi minja hefur verið skráður í eyjunni. Núverandi byggð er á vesturhluta eyjunnar og utan friðlandsins. Bráðabirgðaskráning fornleifa var gerð í Flatey árið 1989 og voru tvær fornleifar skráðar innan friðlandsins, garðlag og nátthagi sem ber heitið Ólafarakur. Ólafarakur er friðlýstur og nýtur hann verndar ásamt 100 m svæði út frá ystu mörkum hans.

Innan friðlandsins er einnig listaverk eftir Jón Gunnar Árnason; Flateyjar-Freyr, guð frjóseminnar og fórnaraltari hans. Listaverkið er frá 1973 og er af mörgum talið hluti af menningarsögu eyjunnar.

2.4. Landnotkun

Ábúendur í Flatey nytja landið með grastekju, beit og dúntekju. Tún eru slegin á ári hverju þegar varpi fugla er lokið. Sauðfjárbreit er utan túna og í nærliggjandi eyjum og hólum innan friðlandsins. Friðlýst æðarvarp er innan friðlandsins og dúntekja fer þar fram ár hvert.

2.4.1. Ferðapjónusta og útivist

Fjöldi ferðamanna sem heimsækja Flatey hefur aukist mikið á undanförunum árum. Farþegaferjan Baldur siglir á milli Stykkishólms og Brjánslækjar og til baka, með viðkomu í Flatey tvisvar á dag yfir sumartímamann og einu sinni á dag á veturna. Koma skemmtiferðaskipa í Flatey er nýlunda sem gert er ráð fyrir að muni aukast á næstu árum og þar með mun gestum svæðisins fjölga. Hótel og tjaldsvæði eru starfrækt utan friðlýsta svæðisins í Flatey á sumrin. Ferðamannatíminn einskorðast nánast við sumartímamann og algengast er að ferðamenn stoppi þar í nokkra klukkutíma á milli ferða ferjunnar Baldurs. Friðlandið í Flatey er fyrst og fremst aðdráttarafl fyrir fuglaáhugafólk og er svæðið vinsælt til fuglaljósmýndunar.

2.5. Innviðir og aðgengi

2.5.1. Landvarsla

Sérfræðingur Umhverfisstofnunar á Patreksfirði hefur umsjón með landvörslu á svæðinu. Eftirlitsferðir í friðlandið hafa að jafnaði verið tvær yfir sumartímamann.

2.5.2. Gönguleiðir og aðgengi

Friðlandið er opið almenningi árið um kring, að undanskildu tímabilinu frá 15. maí til 15. júlí þegar varptími fugla stendur yfir. Gestir friðlandsins skulu fylgja merktum gönguleiðum, en um friðlandið liggur um 2 km langur gönguslóði frá friðlandsmörkum við Lundaberg vestan megin á eyinni með fjöruborðinu að friðlandsmörkum austan megin. Gönguslóðinn er ekki fær hjólastólum.

2.5.3. Skilti

Í Flatey eru fjögur fræðslu- og upplýsingaskilti og tvö aðkomuskilti við mörk friðlandsins. Skiltin eru komin til ára sinna og voru gefin út af Náttúruvernd ríkisins en tilheyra nú Umhverfisstofnun.



2.6. Fræðsla og kynning

Fræðslu um friðlandið er að finna á fjórum fræðslu- og upplýsingaskiltum sem eru í Flatey. Þá gaf Breiðafjarðarnefnd út fræðslubækling um fuglalíf í Breiðafirði árið 2006 og Breiðafjarðarfléttan, samtök ferðaþjónustuaðila umhverfis Breiðafjörð, hefur gefið út bæklinginn „A birdwatcher's paradise“ um fuglaskoðunarstaði í og við Breiðafjörð.

Framfarafélag Flateyjar heldur úti heimasíðu um Flatey og hefur gefið út leiðsögukort um eyjuna með upplýsingum um náttúru og menningu. Þá er einnig að finna fróðleik um Flatey á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.umhverfisstofnun.is.

2.7. Mönnuð og ómönnuð loftför

Í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins, sem samþykkt var árið 2017, er kveðið á um að flugumferð neðan 3000 feta sé óheimil á lokunartímabili friðlandsins frá 15. maí til 15. júlí. Jafnframt er kveðið á um að flug ómannaðra loftfara sé óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

2.8. Rannsóknir og vöktun

Fjöldi fuglarannsókna hafa verið gerðar í Flatey, bæði af einstaklingum og opinberum stofnunum og er fuglalíf þar mjög vel þekkt.

Upplýsingar um rannsóknir og vöktun má t.d. finna á heimasíðu Framfarafélags Flateyjar, www.flatey.com

Upplýsingar um rannsóknir á Breiðafirði má finna á vefsíðu Breiðafjarðarnefndar, www.breiðafjordur.is og hjá Náttúrustofu Vesturlands, www.nsv.is.

3. Markmið, stefna og leiðir

3.1. Náttúruminjar

3.1.1. Dýralíf

Vernda skal lífríki og búsvæði fugla, einkum varpsvæði fágætra fuglategunda, innan friðlandsins og á áhrifasvæði þess. Friðlandið í Flatey skal vera lokað almenningi á varptíma þórshana og æðarfugls ár hvert á tímabilinu 15. maí – 15. júlí. Í sérstökum tilfellum þar sem varpi seinkar, t.d. vegna veðurfarslegra aðstæðna, skal Umhverfisstofnun bregðast við því með lengingu lokunartíma og auglýsa það sérstaklega.

Aðgerðir:

- ✓ Komið verði í veg fyrir truflun á fuglalífi af völdum ágangs manna með því að setja upp skilti sem takmarkar aðgengi að friðlandinu á varptíma fugla að jafnaði frá 15. maí – 15. júlí.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við fuglafræðing og ábúendur í Flatey, meti ár hvert hvort lengja þurfi lokunartíma friðlands vegna breytinga á varptíma þórshana og/eða æðarfugls í samræmi við ákvæði auglýsingar um friðlýsingu Flateyjar.

3.1.2. Gróður

Vernda skal gróður innan friðlandsins og á áhrifasvæði þess. Koma skal í veg fyrir jarðvegsrof og gróðureyðingu af völdum ágangs manna með stýringu umferðar, m.a. með göngustígagerð, aukinni fræðslu og upplýsingagjöf. Nánar er fjallað um þetta í kafla 3.4. um innviði og aðgengi.

Aðgerð:

- ✓ Landverðir/sérfræðingur kanni árlega ástand gróðurs og hugi að endurbótum á innviðum sé þess þörf til að koma í veg fyrir gróðurskemmdir.

3.1.3. Jarðminjar og landslag

Vernda skal landslag og jarðmyndanir friðlandsins og gæta þess að framkvæmdir og ágangur manna rýri ekki ásýnd svæðisins. Við uppbyggingu innviða skal þess gætt að þeir falli vel að landslaginu og rýri ekki náttúruleg gæði og ásýnd svæðisins. Stefnt skal að hreinsun strandlengjunnar við Flatey.

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélag og ábúendur í Flatey um hreinsun standlengjunnar innan friðlandsins
- ✓ Umhverfisstofnun skipuleggi og framkvæmi hreinsun á strandlengjunni innan friðlandsins.

3.2. Menningarminjar

Stefnt skal að því að varðveita menningarminjar og gera þeim skil í fræðsluefni um friðlandið. Vegna framkvæmda eða hugsanlegrar röskunar á menningarminjum skal haft samráð við minjavörð Vestfjarða.



3.3. Landnotkun

Öll landnotkun innan friðlandsins og á áhrifasvæði þess skal vera með sjálfbærni að leiðarljósi og í samræmi við markmið um verndun svæðisins, skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun.

3.3.1. Búfjárbætur og nytjar

Allar nytjar og beit í friðlandinu skulu vera með sjálfbærni að leiðarljósi. Tún skulu ekki slegin fyrr en varptíma fugla er lokið. Nýting æðarvarps skal miða að því að valda sem minnstri truflun á dýralífi innan friðlandsins.

3.3.2. Ferðaþjónusta og útivist

Almenningi er heimil för um friðlandið að undanskildu tímabilinu frá 15. maí – 15. júlí. Sé lokunartími lengdur skal auglýsa það sérstaklega. Gæta skal að þolmörkum svæðisins og skal ferðaþjónusta vera rekin með sjálfbærni að leiðarljósi þannig að lífríki svæðisins verði ekki fyrir röskun eða óþarfa álagi. Leitast skal við að fræða og upplýsa gesti um friðlandið og stuðla að auknum samskiptum við ferðaþjónustuaðila sem nýta sér svæðið.

- ✓ Umhverfisstofnun óski árlega eftir gögnum frá ferðaþjónustuaðilum um fjölda ferðamanna sem heimsóttu Flatey.

3.3.3. Kvikmyndataka og ljósmyndun

Sækja skal um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna athafna og viðburða svo sem kvikmyndunar og ljósmyndunar en stofnunin metur í hverju tilviki fyrir sig hvort viðburður sé háður leyfi. Notkun flygilda við kvikmyndun og ljósmyndun er háð reglum, sjá kafla 3.6. Ef til eftirlits kemur vegna leyfisskyldra atburða getur umsækjandi þurft að bera kostnað af því.

3.4. Innviðir og aðgengi

Göngustígar skulu vera með þeim hætti að þeir stýri umferð um friðlandið og þjóni að sama skapi gestum þess. Þá skulu fræðslumannvirki vera skýr og aðgengileg. Markmið með innviðauppbyggingu skal því alltaf vera það að jákvæð upplifun gesta og náttúruvernd fari saman. Árlega skal meta hvort innviðir þjóni þessu tvíþætta hlutverki, hvort gestir leiti út fyrir þá, hvort skemmdir séu að myndast á umhverfi svæðisins og hvort innviðirnir séu að veita gestum jákvæða upplifun og fræðslu um náttúrufar svæðisins. Samræmi skal vera í útliti og hönnun innviða í friðlandinu og þeir skulu falla vel að umhverfinu. Leitast skal við að innviðir séu í samræmi við aðra innviði í Flatey, t.d. upplýsinga- og fræðsluskilti. Reglulegt viðhald skal vera á öllum innviðum.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun meti árlega árangur stýringar á umhverfi friðlandsins og skal matið vera í höndum sérfræðings svæðisins og/eða landvarða.
- ✓ Umhverfisstofnun ljúki við gerð heildstæðrar stefnu um framkvæmdir innan svæðisins.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við Reykhólahrepp, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar um uppsetningu aðstöðu til fuglaskoðunar í Flatey.



3.4.1. Rekstur, landvarsla og eftirlit með innviðum

Umhverfisstofnun skal hafa umsjón með daglegum rekstri og stjórnun friðlandsins. Yfir sumartímann skal landvörður fara í reglulegt eftirlit í Flatey, að lágmarki tvisvar sinnum. Umhverfisstofnun mun meta hvort að mögulegt er að auka landvörslu á svæðinu yfir sumartímann ár hvert.

Aðgerðir:

- ✓ Landvörður skal fara í eftirlitsferðir um friðlandið að lágmarki tvisvar sinnum yfir sumartímann.

3.4.2. Göngustígar og aðgengi

Friðlandið skal vera aðgengilegt gestum að undanskildum lokunartíma frá 15. maí – 15. júlí. Göngustígar skulu vera vel merktir, öruggir og með besta fánlegu undirlagi svo að gestir svæðisins fylgi þeim og gangi ekki utan þeirra.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun byggir upp göngustíga þar sem þess er þörf innan friðlandsins.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að göngustígum verði viðhaldið eftir föngum.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess árlega að girðingum til stýringar umferðar ferðamanna og merkingum við göngustíga verði við haldið og bætt við eftir þörfum.

3.4.3. Skilti

Upplýsinga- og fræðsluskilti skulu vera við friðlandsmörkin að austan- og vestanverðu. Einnig skulu vera upplýsingar um friðlandið við ferjubryggjuna í Flatey. Stefnt skal að samstarfi milli hagsmunaaðila til að samræma skilti í eyjunni allri.

- ✓ Umhverfisstofnun skal endurnýja öll upplýsinga- og fræðsluskilti sem eru í eigu stofnunarinnar í Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun sjái til þess að upplýsinga- og fræðsluskiltum við friðlandsmörkin verði viðhaldið.
- ✓ Umhverfisstofnun skal óska eftir samstarfi við hagsmunaaðila í Flatey um samræmingu á skiltum í Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp upplýsinga- og fræðsluskilti um náttúru og lífríki friðlandsins við friðlandsmörkin að austan og vestanverðu.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp veggspjöld með upplýsingum um lokunartíma og umgengnisreglur í friðlandinu í upplýsingamiðstöðinni Stykkishólmi, í ferjunni Baldri og í miðasölu Sæferða í Stykkishólmi og á Brjánslæk.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitarfélag, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar um uppsetningu upplýsingaskiltis við hafnarsvæðið í Flatey. Á skiltinu skulu m.a. koma fram upplýsingar um; þjónustu í Flatey, gönguleiðir, athyglisverða staði og umgengnisreglur.

3.5. Öryggismál

Öryggi gesta og starfsmanna skal tryggt sem best í friðlandinu. Upplýsingum varðandi óhöpp og slysk skal safna saman og þær greindar og metið hvort hægt sé að koma í veg fyrir að slíkt



UMHVERFISSTOFNUN

endurtaki sig. Gert er ráð fyrir að starfsmenn Umhverfisstofnunar sem fara í eftirlitsferðir á svæðið séu vel að sér í skyndihjálpar og beri ávallt með sér fyrstuhjálpar búnað. *Öryggisáætlun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar* verður höfð til hliðsjónar við öryggismál í Flatey. Umhverfisstofnun skal stuðla að slysaförvörnum meðal gesta með merkingum og öðrum upplýsingum samhliða framkvæmdum við göngustíga og útsýnisstaði á svæðinu.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar* fyrir friðlandið í Flatey.
- ✓ Landvörður vakti stíga og mannvirki árlega m.t.t. öryggismála og skrái niðurstöður í dagbók landvarða.

3.6. Fræðsla og kynning

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru-, sögu og menningarminjar friðlandsins og þær umgengnisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingarnar skulu settar fram á skýran og auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta, skilja og tengjast náttúru- og menningaminjum svæðisins sem verið er að vernda. Þannig verði stuðlað að góðri umgengni.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við fuglafræðinga um framsetningu fræðsluefnis um fuglalíf í friðlandinu.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir samstarfi við sveitarfélag, Breiðafjarðarnefnd og Framfarafélag Flateyjar, um framsetningu og samræmingu á upplýsinga- og fræðsluefni fyrir Flatey.
- ✓ Umhverfisstofnun setji upp veggspjöld með upplýsingum um lokunartíma og umgengnisreglur í friðlandinu í upplýsingamiðstöðinni í Stykkishólmi, í ferjunni Baldri og í miðasölu Sæferða í Stykkishólmi og á Brjánslæk.

3.7. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flugumferð innan friðlandsins er háð almennum skilyrðum um lágmarksflughæð en taka skal mið af tilmælum í flugmálahandbók AIP varðandi flug yfir viðkvæmum búsvæðum fugla. Í auglýsingu um friðlýsingu svæðisins frá 2017 kemur fram að allt flug undir 3000 fetum í friðlandinu er óheimilt á tímabilinu 15. maí til 15. júlí og að flug ómannaðra loftfara er óheimilt í friðlandinu nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.

3.8. Rannsóknir og vöktun

Afla skal gagna þar sem þekkingu vantar varðandi lífríki, gróðurfar, jarðminjar og menningaminjar svæðisins. Fylgjast skal með breytingum á lífríki og gróðurfari árlega og skrá þær breytingar sem orðið hafa.

Samkvæmt 74. gr. laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að

**UMHVERFISSTOFNUN**

vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun, í samstarfi við Umhverfisstofnun mun á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykillætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hefst árið 2017. Vöktunaráætlun fyrir lykillætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlandið í Flatey en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Aðgerðir:

- ✓ Landverðir skrái fugla, tegundir þeirra og fjölda, sem sjást í árlegum eftirlitsferðum í friðlandið í dagbók landvarða.
- ✓ Landverðir fylgist með álagi á svæðinu af völdum ferðamanna árlega og myndi göngustíga og gróður umhverfis þá og skrái í dagbók landvarða.
- ✓ Sérfræðingur geri eftirlitsskýrslu eftir síðustu eftirlitsferð í friðlandið ár hvert.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir gögnum frá aðilum sem stundað hafa rannsóknir í friðlandinu undanfarin ár og að framvegis verði rannsóknarskýrslum er varða friðlandið skilað inn til stofnunarinnar.





Heimildir og ítarefni

Breiðafjarðarnefnd. (2014). *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð: 2014-2019*. Stykkishólmur: Breiðafjarðarnefnd.

Gunnar Þór Hallgrímsson og Ævar Petersen. (2005). *Stöðuskýrsla um náttúrufarsrannsóknir á Breiðafirði*. Náttúrufræðistofnun Íslands: Reykjavík.

Karl Gunnarsson. (2015). *Fuglar*. Fengið þann 28. febrúar 2017 af slóðinni <http://www.flatey.com/fuglar>

Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson (ritstj.) (2008). *Rannsóknir og vöktun á lífríki Breiðafjarðar. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 12.-13. september 2007*.

Frekari ítarefni er að finna á eftirfarandi heimasíðum:

www.breidafjordur.is

www.flatey.com

www.umhverfisstofnun.is



Viðauki I

Ný auglýsing um friðland í Flatey mun vera sett fram í viðauka I þegar hún hefur verið samþykkt. Auglýsingin og stjórnunar- og verndaráætlun Flateyjar verða auglýstar í kynningarferli á sama tíma.

DRÖG

Viðauki II

Kort af mörkum sem lögð eru til í endurskoðaðri auglýsingu um friðlýsingu Flateyjar á Breiðafirði.

